Niðurstöður skólapúlsins 2023

Niðurstöður skólapúlsins voru heldur betur góðar fyrir leikskólann okkar.
Foreldrakönnun skólapúlsins er lögð fyrir um 70 leikskóla á öllu landinu og niðurstöður unnar út frá því. Í ár var svarhlutfall foreldra mjög gott eða 82,8%.
Í flestum þáttum vorum við töluvert yfir meðallagi, öðrum um og rétt yfir meðallagi en einstaka þættir þóttu ábótavant.
Hér fyrir neðan stiklum við á stóru um niðurstöður skólapúlsins

Daglegt líf í leikskólanum:
Þeir þættir sem við vorum 4 eða hærri yfir meðaltal voru:

- Ánægja með leikskólann 8,2% yfir meðaltal
- Ánægja foreldra með stjórnun leikskólans 8,4% yfir meðaltal
- Ánægja barnsins í leikskólanum 4,2% yfir meðaltal
- Ánægja með húsnæði og aðstöðu 12,0% yfir meðaltal
- Vinnubrögð 8,7% yfir meðaltal
- Aðstaða 8,3% yfir meðaltal
- Félagsleg samskipti 5,7% yfir meðaltal

Þættir sem voru 3 eða lægra fyrir meðaltal voru:

- Hollt matarræði 1,1% yfir meðaltal. Við leggjum upp með að hafa hollan og góðan mat og fjölbreyttan mat fyrir börnin og höfum heilsumatseðil til hliðsjónar. Matráður reynir að gera flestan mat frá grunni en getur komið fyrir að eitthvað sé pantað.
- Sérþarfir í mataræði -0,5 undir meðaltali. Eins og gengur og gerist með stóran barnahóp geta verið mörg, fjölbreytt ofnæmi hjá börnunum. Matráðurinn okkar reynir að gera sitt besta en vissulega má alltaf bæta sig.

Námsumhverfi
Allir þættir í þessum flokki voru 2,8% yfir meðaltali eða meira

- Vinnubrögð 8,7% yfir meðaltal
- Aðstaða 8,3% yfir meðaltal
- Félagsleg samskipti 5,7% yfir meðaltal
- Þátttaka án aðgreiningar 2,8% yfir meðaltal

Samskipti við foreldra
Hér voru allir þættir hátt yfir meðaltali

- Upplýsingamiðlun 19,1% yfir meðaltali. Við leggjum mikla áherslu á að halda öllum vel upplýstum og hafa föstudagspóstarnir okkar slegið í gegn. Ánægjulegt að sjá að það sé að skila sér heim.
- Þekking á stefnu og námskrá leikskólans 13,8% yfir meðaltali

- Tengsl við starfsfólk leikskólans 5,4% yfir meðaltali. Það var vissulega erfitt að reyna að halda góðum samskiptum við foreldra í Covid-19 þar sem það mátti ekki hittast. Í dag er þetta sem betur fer komið í samt horf og heldur vonandi áfram að vaxa og dafna.
- Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu 14,2% yfir meðaltali
- Tímasetning viðburða 9,6% yfir meðaltali
- Heimasíða leikskólans 11,5% yfir meðaltali

Upphaf og lok leikskólagöngu
Í þessum þætti erum við 4,5% yfir meðaltali eða ofar í öllum þáttum sem er mjög ánægjulegt að sjá þar sem þessir þættir hafa verið með óhefðbundnu sniði síðastliðin ár vegna Covid-19.

- Leikskólabyrjun 4,5% yfir meðaltali
- Flutningur milli skólastiga 35,1% yfir meðaltali
- Flutningur milli deilda 7,4% yfir meðaltali

Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónustu
Hér svara þeir foreldrar sem þessar spurningar eiga við og því ekki óeðlilegt að hér komi mínus tölur.

- Hlutfall sérkennslu og stuðnings -4,0%
- Hlutfall sérfræðiþjónustu -7,2%

Það komu nokkrir þættir fram sem þóttu ábótavant, sumt af því er eitthvað sem við getum tekið á sjálf og bætt en annað er ekki í okkar höndum.
Þeir þættir sem þóttu ábótavant eru:

- Bílastæði
- Útisvæði
- Sveigjanlegt sumarfrí
- Hjálmar á hjólum í útiveru
- Vantar meiri rými fyrir börnin

Í lokin fengum við svo alveg ótrúlega mikið af flottum opnum svörum, góðar ábendingar, hrós, lýsingar á okkar frábæra fólki og metnaðarfullu starfi.

Kærar þakkir fyrir frábæra þátttöku og góða ábendingar. Það er nauðsynlegt að geta fengið slíkt mat á starf leikskólans svo hægt sé að bæta sem þarf en ekki síður að finna ánægjuna, hvað sé verið að gera rétt svo hægt sé að halda áfram okkar faglega starfi með frábæran starfsmannahóp í fararbroddi.

Starfsfólk Rjúpnahæðar